

Fundur svæðisráðs mánudaginn 29. feb. 2016, haldinn í síma, kl. 16.00

Mætt: Ólafía Jakobsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Hákon Gunnarsson og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð. Forföll boðuðu Erla Ívarsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Heiða Guðmundsdóttir.

Samkvæmt fundarboði var eitt atriði til umræðu á fundinum auk annarra mála.

1. Athugasemdir svæðisráðs við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð, nr. 60/2007, með síðari breytingum (stjórnfyrirkomulag, verndaráætlun, leyfisveitingar o.fl.)

Eins og fram kemur í fundargerð svæðisráðs frá 30. nóvember sl. tók svæðisráðið saman athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarpsdrög um breytingu á lögum um Vatnajökulspjóðgarð að beiðni stjórnar. Formaður svæðisráðs sendi athugasemdirnar til stjórnar þjóðgarðsins samdægurs. Við gerð athugasemdanna hafði svæðisráðið greinargerð starfshóps um endurskoðun stjórnfyrirkomulags Vatnajökulspjóðgarðs til hliðsjónar. Samhljóða athugasemdir fylgja hér á eftir:

Svæðisráð vestursvæðis fagnar mörgum þeirra tillagna sem finna má í drögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð. Svæðisráðið lýsir jafnframt yfir óánægju sinni með þá þróun í átt til miðstýringar sem það telur endurspeglast í drögnum.

Starfshópur, sem umhverfissráðherra skipaði í ársbyrjun 2013 samkvæmt bráðabirgðaákvæði í núgildandi lögum um Vatnajökulspjóðgarð, skilaði af sér greinargerð um endurskoðun á stjórnfyrirkomulagi Vatnajökulspjóðgarðs í júlí sama ár. Í henni kemur fram að stjórnfyrirkomulag það sem lagt var upp með við stofnun þjóðgarðsins hafi verið nýjung í stjórnun friðlýstra svæða í landinu sem byggði á valdreifðu fyrirkomulagi með virkri aðkomu sveitarstjórna og félagasamtaka. Svæðisráð vestursvæðis telur fyrirkomulagið hafa reynst vel og að það hafi hjálpað mikið við stofnun og framgang þjóðgarðsins, heima fyrir sem og á landsvísu. Að mati svæðisráðsins er aðkoma sveitarstjórna, sem eiga helming fulltrúa í svæðisráði, mikilvæg og hana megi ekki veikja.

Svæðisráð

Svæðisráð vestursvæðis vill tryggja aðkomu svæðisráða að gerð tillagna við rekstrar- og framkvæmdaáætlanir síns svæðis til samþykktar í stjórn þjóðgarðsins. Svæðisráðið telur mikilvægt að allar upplýsingar um fjárhag og rekstur séu gagnsæjar og aðgengilegar við þessa vinnu sem stuðli að virku aðhaldi með fjárreiðum og ábyrgð þjóðgarðsvarðar á rekstri hlutaðeigandi svæðis.

Svæðisráðið fagnar því að nú skuli tilnefndir varamenn svæðisráðsfulltrúa.

Skilgreining á hlutverki framkvæmdastjóra

Við undirbúning að stofnun þjóðgarðsins árið 2008 var lögð á það rík áhersla að stjórnfyrirkomulag hans skyldi styðja við raunverulega ákvarðanatöku heima í héraði. Með þeim drögum sem fyrir liggja er að mati svæðisráðs vestursvæðis vægi miðstýringarinnar aukið og þar með stórlega saumað að mögulegum áhrifum svæðisráðs og heimamanna í ákvarðanatöku um þjóðgarðinn og málefni er hann snerta. Vegur þar þyngst aukið vægi framkvæmdastjóra í ákvarðanatöku er varðar einstök svæði á kostnað svæðisráða, stjórnar og þjóðgarðsvarða hlutaðeigandi svæðis. Það er mat svæðisráðsins að nauðsynlegt hafi verið að skýra verksvið framkvæmdastjóra í lögnum en tillögurnar séu ekki allar til bóta. Leggur svæðisráðið áherslu á að framkvæmdastjórinn verði áfram ráðinn af stjórn og starfi í umboði hennar en ekki skipaður af ráðherra eins og embættismaður. Nær væri að auka ábyrgð stjórnar og formanns hennar sé talin þörf á skerpa á ábyrgð á fjárhag og rekstri stofnunarinnar gagnvart ríkisvaldinu.

Stjórn

Svæðisráðið fagnar því að nú sé þess krafist að annar tveggja fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins sem tilnefndir eru af ráðherra búi yfir fagþekkingu á verksviði þjóðgarða. Þá lýsir svæðisráðið ánægju sinni með áheyrnarfulltrúa tilnefndum sameiginlega af ferðamálasamtökum í stjórn þjóðgarðsins. Með tilkomu hans endurspeglir stjórnin hinar mismunandi raddir sem tryggðar eru í skipun svæðisráða.

Að mati svæðisráðs hefur það gefið góða raun að stjórn þjóðgarðsins og heilsárstarfsfólk fundi sameiginlega einu sinni á hverju ári. Samtal þessara aðila er mikilvægt vexti og viðgangi yfirgripsmikillar stofnunar eins og Vatnajökulspjóðgarðs og í sama anda og stjórnfyrirkomulag hans byggir á. Færi best að festa það í sessi.

Að mati svæðisráðs þarf stjórn þjóðgarðsins að hafa frumkvæði að því að skilgreina verkferla innan stofnunarinnar hvað varðar gerð rekstraráætlana og samræmingar í heildstæða áætlun fyrir þjóðgarðinn allan, líkt og kemur fram í kafla 3.3.5 í greinargerð starfshóps um endurskoðun á stjórnfyrirkomulagi Vatnajökulspjóðgarðs.

Þjóðgarðsverðir

Svæðisráð telur mikilvægt að þjóðgarðsverðir á viðkomandi rekstrarsvæði verði eftir sem áður ráðnir af stjórn þjóðgarðsins, ekki framkvæmdastjóra, eftir tillögu svæðisráðs. Það fyrirkomulag tryggir að mati svæðisráðsins hlutleysi framkvæmdastjórans og raunveruleg áhrif svæðisráðs við ráðningu á þjóðgarðsverði. Svæðisráðið telur brýnt að þjóðgarðsvörður beri ábyrgð á mannhaldi og ráðningum á sínu rekstrarsvæði, hvort heldur um heilsárs- eða hlutastarfsmenn sé að ræða. Þá telur svæðisráðið mikilvægt að sjálfstæði þjóðgarðsvarða sé tryggt og að þeir beri eftir sem áður ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn þjóðgarðsins.

Ákvæði um leyfisveitingar þjóðgarðsvarðar vegna umferðar loftfara er tímabært að mati svæðisráðs. Svæðisráð fagnar jafnframt heimild um innheimtu gjalda vegna leyfisveitinga. Að sama skapi telur svæðisráðið óþarft að þjóðgarðsvörður skuli þurfa að sammælast framkvæmdastjóra ef loka þarf einstökum svæðum tímabundið vegna leyfisskyldra viðburða

eða verkefna. Sama gildi ef grípa þarf til tafarlausra aðgerða til varnar skemmdum á landsvæði eða lífríki. Gerð er krafa á þjóðgarðsvörð að til grundvallar þessháttar ákvörðun liggi sterk rök enda þarf hann að birta ákvörðunina í Stjórnartíðindum.

Önnur atriði og ábendingar

Í framkomnum breytingartillögum er í nýrri grein kveðið á um samstarf stjórnar og svæðisráða. Telur svæðisráð vestursvæðis þörf á annarri nýrri grein sem kveður á um samstarf framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvaraða. Í fyrrnefndri greinargerð um endurskoðun stjórnfyrikomulags Vatnajökulsþjóðgarðs er í kafla 3.3.1 vikið að mikilvægi samræmingar á milli rekstrarsvæðanna fjögurra hvar framkvæmdastjóri og þjóðgarðarsverðir myndi fimm manna framkvæmdaráð. Brýnt er að festa í lög þennan vettvang, rétt eins og samstarf stjórnar og svæðisráða, hvar fjallað yrði sérstaklega um allar stærri framkvæmdir, verkaskiptingu milli svæða og nýtingu mannauðs sem og tillögur að forgangsroðun fjármuna.

Svæðisráð telur ákvæði um heimild til gerðar viðauka við stjórnunar- og verndaráætlun til mikilla bóta við þá vinnu án þess að það þurfi að endurskoða alla áætlunina í hvert sinn sem breytingar verða á þjóðgarðsmörkum.

Svæðisráð vestursvæðis telur afar brýnt að tryggja ákvæði í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð að breytingar á þeim sem og reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð séu kynntar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum og þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær.

Við síðasta atriði athugasemdanna vill svæðisráðið hnykkja á mikilvægi þess að fyrirhugaðar breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð fari til formlegrar umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórna.

2. Önnur mál

Orri Páll greindi frá því að 17 manns hefðu sótt um auglýsta stöðu sérfræðings og aðstoðarmanns þjóðgarðsvaraða á vestursvæði fyrir tímabilið 15. mars til 31. desember 2016. Í hópnum voru margir hæfir umsækjendur og var Jónu Björk Jónsdóttur boðið starfið sem hún þáði.

Hákon spyr um stöðu mála vegna byggingu gestastofu á Klaustri. Orri Páll svarar því til að unnið sé að SVÓT-greiningu á fyrirliggjandi staðsetningarkostum af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins sem hyggst kynna niðurstöður greiningarinnar á íbúafundi í Skaftárhreppi.

Fundi slitið kl. 17.20